

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 995

Dagsetning: 12. september 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir og heimsóknir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni og fyrirhugaðar heimsóknir á starfsstöðvar.

2. Starfsdagur sálfræðinga

Rætt um starfsdaga sálfræðinga í síðustu viku og farið yfir helstu niðurstöður. Ákveðið að kynna niðurstöður fyrir fagstjórum í næstu viku.

II. Efni til umræðu

3. Samstarfssamningur við HR um kvíðaraskanir

Rætt um samstarfssamning við HR um kvíðaraskanir og hvert hlutverk HH er tengt þeim samningi.

4. Samningur um móttöku- og þjónustumiðstöð á vegum ráðuneyta

Umræður um hlutverk HH tengt nýjum samningi um móttöku- og þjónustumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

5. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál.

6. Vísindaferð sálfræðinema

Umræður um fyrirhugaða vísindaferð meistaránema í sálfræði í HÍ og HR til HH.

7. Námskeið hjá Heilsubrú

Yfirferð yfir námskeið og hóptíma hjá Heilsubrú.

8. Ferðamannabólusetningar

Rætt um hvernig sinna eigi ferðamannabólusetningum fyrir skjólstæðingum heilsugæslustöðva utan HH.

III. Efni til afgreiðslu

9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 5. september rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

10. Stöður sérnámslækna

Rætt um að auglýsa stöður sérnámslækna.

Niðurstaða: Samþykkt að auglýsa allt að fimm stöður sérnámslækna.

11. Erindi um Heilsubrú

Umræður um erindi til heilbrigðisráðuneytisins um fjármögnun Heilsubrúar.

Niðurstaða: Farið verður yfir hvað er þegar fjármagnað og erindið sent ráðuneytinu að þeirri yfirferð lokinni.

Önnur mál

12. Framkvæmdarstjóri hjúkrunar fjarverandi

Framkvæmdastjóri hjúkrunar upplýsir að hún verður á fundi á Austurlandi á fimmtudag og föstudag.

13. Húsnæðismál

Rætt um staðsetningu Geðheilsuteymis HH fangelsi og hvort hægt sé að halda teyminu í Mjóddinni þó það þurfi að flytja úr núverandi húsnæði. Áframhald á umræðum frá síðasta fundi um flutning Heilsugæslunnar Hlíðum. Rætt um fyrirhugaða flutninga þriggja geðteyma í Vegmúlann.

14. Geðráð

Tilnefna þarf tvo aðalmenn og tvo varamenn frá HH í Geðráð, sem er samráðsvettvangur á sviði geðheilbrigðismála. Framkvæmdastjórn samþykkir að tilnefna Sigurrós Jóhannsdóttur sem aðalman með Sigrúnu Þóru Sveinsdóttur til vara og Guðrúnu Bryndísi Guðmundsdóttur sem aðalman og Sigríði Hrönn Bjarnadóttur til vara.

15. Launasetning stjórnenda hjá smærri teyllum

Tillaga frá mannauðssviði hefur verið send framkvæmdastjórn. Farið verður yfir tillögunu.

16. Hýsing sjúkraskráa á Suðurnesjum

Umræður um beiðni Heilsugæslunnar Höfða um hýsingu sjúkraskráa. Málið verður skoðað áfram í samtali við Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:55